

Verðmætin felast í listafólkinu

Listahátíð í Reykjavík er fertug um þessar mundir. Hrefna Haraldsdóttir, listrænn stjórnandi hátíðarinnar, lítur stolt um öxl á þessum tímamótum og segir sóknarfærin ótvíræð, þrátt fyrir erfið ytri skilyrði.

Orri Páll Ormarsson orri@mbl.is

Ísland er öðru vísi en önnur lönd. Sjálf erum við sumpart ef til vill hrædd við þá staðreynd, en þó þrátt fyrir allt hreykin og byggjum raunar á henni hagsmunavon. En gagnstætt því, sem við stundum viljum halda, þá er ekki víst, að Íslendingar séu öðru vísi en aðrir og í því er engin eftirsókn, nema það gefi okkur sjálfum fullnægingu og öðrum ávöxt af því, sem við afrekum. Alþjóðleg listahátíð minnir okkur á það, að þjóðernisvitund og alþjóðasamkennd verður að haldast í hendur.

[...]

Reykjavík fagnar listahátíð og væntir þess, að slíkar verði haldnar reglulega í framtíðinni, verði listalífi höfuðborgar og lands lyftistöng og geri Reykjavík tengilið milli heimsálfa, landa og manna.“

Þannig komst Geir Hallgrímsson borgarstjóri að orði við setningu fyrstu Listahátíðarinnar í Reykjavík sumarið 1970. Nú, fjórum áratugum síðar, verður ekki annað séð en Geir hafi orðið að ósk sinni. Alltént er Hrefna Haraldsdóttir, listrænn stjórnandi hátíðarinnar, ekki í nokkrum vafa.

„Mér finnst hafa tekist mjög vel til,“ segir Hrefna þegar hún horfir um öxl. „Verðmæti hátíðarinnar liggja í öllum þeim góðu listamönnum sem hafa komið á hátíðina. Það var vandað til verks í upphafi og lagt upp með mikinn metnað. Listahátíð í Reykjavík er löngu búin að sanna gildi sitt.“

Ashkenazy lykilmaður

Tónninn var gefinn þegar á fyrstu hátíðunum með komu listamanna á borð við Yehudi Menuhin, Jacqueline du Pré, Daniel Barenboim, André Previn og

Mstislav Rostropovitsj. Þökk sé Vladímír Ashkenazy, sem bjó hér á landi á þeim tíma. „Ashkenazy var algjör lykilmaður í upphafi. Tengslanetið var minna á árunum í kringum 1970 en það er í dag og sambandið við umheiminn minna. Ashkenazy var hátíðinni því ákaflega dýrmætur – og er enn. Hann er verndari hátíðarinnar og fylgist vel með gangi mála. Ashkenazy hefur alla tíð verið velviljaður, áhugasamur og hvetjandi,“ segir Hrefna.

Hún segir stóru nöfnin hafa vakið mikla athygli á hátíðinni fyrsta kastið, langt út fyrir landsteinana. Það hafi verið vatn á myllu innlendra listamanna. „Það er ekki nokkur vafi að Listahátíð í Reykjavík hefur hjálpað íslenskum listamönnum að koma sér á framfæri erlendis. Við erum alltaf að leiða saman listamenn og tengja fólk. Listahátíð er öðrum þræði umboðs-skrifstofa.“

Samstarf innlendra og erlendra listamanna hefur aukist jafnt og þétt á hátíðinni og segir Hrefna fólk koma til með að fá góða mynd af því í vor. „Hugrekki og nýsköpun eru broddurinn á hátíðinni. Landamæri eru engin fyrirstaða í listum lengur og mörkin milli listgreina mun þokukennari en áður. Listahátíð í Reykjavík er ljúft og skylt að svara kalli tímans.“

Klassík og nýsköpun

Hrefna tekur eigi að síður fram að nýsköpun og tilraunastarf muni ekki koma niður á hinum hefðbundnari listum. „Listahátíð hefur alltaf gert klassíkinni hátt undir höfði og svo verður að sjálf-sögðu áfram, ekki síst á sviði tónlistar. Það getur verið svolítið snúid verkefni að láta nýsköpun og klassík njóta sín saman en um leið ákaflega skemmtilegt.“

Hrefna segir úrtöluraddir löngu þagnaðar, enda hafi Listahátíð margsannað fjölbærni sína. Allir eigi að finna þar eitt-hvað við sitt hæfi. „Það er ekki hægt að halda því fram með neinum rökum að Listahátíð sé snobbhátíð, eins og sumir virðast hafa óttast á fyrstu árunum. Jafnvægið hefur alla tíð verið gott, milli svokallaðrar hámenningar og dægurmenn-ingar, milli listgreina, innlendra og erlendra listamanna.“

Hrefna segir það í raun mjög sjaldgæft að hátíð af þessu tagi hafi allar listgreinar undir. Mun algengara sé að þær sérhæfi sig, einkum í smærri löndum. „Ég tel að þessi sérstaða endurspegli íslenskt samfélag. Íslendingar eru viðsýnir að eðlisfari og í fámennu samfélagi er þetta rökrétt. Ekki svo að skilja að við séum með kvóta fyrir ákveðnar greinar, þvert á móti snýst dagskráin alltaf á endanum um gæði at-riðanna. En allar listgreinar eiga að hafa aðgang að hverri hátíð enda þótt það sé í misjöfnum hlutföllum.“

Blönduð hátíð með ljósmyndir í forgrunni

Listahátíð hefur stundum verið með þema eða sett ákveðnar listgreinar í forgrunn en að þessu sinni verður hátíðin blönduð, þó með áherslu á ljósmyndun í sýningar-sölum og úti á götu. Sýnd verða verk ljós-myndara og einnig myndlistarmanna sem nota ljósmyndina sem miðil. „Við sjáum fjölbreytilega notkun ljósmynda og ólíka afstöðu til miðilsins, fagurfræðilegar og pólitískar myndir frá ólíkum tímum, hversdagslegar og ljóðrænar,“ upplýsir Hrefna.

Á engan er hallað þótt fullyrt sé að koma Cindy Sherman, eins fremsta ljós-myndara heims, sæti mestum tíðindum en verk hennar verða sýnd í Listasafni Íslands. Einnig verða á hátíðinni ljós-myndaverk eftir David Byrne, sem margir þekkja betur sem tónlistarmann, meðal annars úr nýbylgjusveitinni Talking Heads. Búist er við þeim báðum til lands-ins.

Tónlist verður einnig gert hátt undir höfði á Listahátíð í Reykjavík 2010, allt frá háklassík, heimstónlist, djassi og yfir í



framsækna tilraunatonlist. Ýmsir góðir gestir stinga við stafni, eins og norskir pí-anóleikarinn Leif Ove Andsnes, svo sem greint var frá í Morgunblaðinu á dögunum.

Sviðslistir verða líka áberandi, til að mynda verða tvö ný dansverk frumflutt. Annað eftir Gísla Örn Garðarsson, leikara og leikstjóra, við Fordlandia eftir Jóhann Jóhannsson sem leikin verður af Sinfóníu-hljómsveit Íslands. Dansarar eru úr Íslenska dansflokknum. Verkið verður sýnt í Útgerðinni, nýju rými Hugmyndahúss úti á Grandu og er samstarfsverkefni þessara þriggja stofnana; Listahátíðar, SÍ og ÍD.

Af leiksyningum nefnir Hrefna margverðlaunaða upp færslu Litháans Oskaras Korsunovas á Rómé og Júlíu eftir Shakespeare í samvinnu við Borgarleikhúsið. „Það er eitt af hlutverkum Listahátíðar að skilja eftir þekkingu, nýjar aðferðir og strauma og koma manns á borð við Oskaras Korsunovas uppfyllir það skilyrði svo sannarlega. Samstarf af þessu tagi er mjög mikilvægt. Íslendingar eru heimsborgarar,“ segir Hrefna.

Mínna fé milli handa

Listahátíð í Reykjavík hlýtur að hafa minna fé til ráðstöfunar en fyrir tveimur til þremur árum.

„Það er alveg rétt. Það er ekkert leyndarmál að við höfum úr minna fjármagni að spila en áður,“ svarar Hrefna.

Velta hátíðarinnar jókst hratt á árunum eftir 2000 eftir að einkafyrirtæki komu til samstarfs við hana í auknum mæli og gengi krónunnar var okkur hagstætt. „Þetta framlag náði hámarki á árunum 2004–08,“ segir Hrefna, „en þessi tekjulíður hefur að mestu þurrkast út í dag. Framlag einkaaðila er um títundi hluti þess sem það var þegar það var mest. Þetta er mikil breyting og hefur knúð okkur til að hugsa allt okkar starf upp á nýtt.“

Hún segir Listahátíð hafa leitað annarra leiða með góðum árangri til að vinna áfram með einkageiranum en krónurnar verði aldrei eins margar í kassanum, að minnsta kosti ekki næstu árin.

Hryggjarstykkið í rekstri Listahátíðar eru annars vegar fjárframlög frá ríki og borg – sem munu dragast saman um 6% á næsta ári – og hins vegar miðasala. Hrefna segir miðasölu þurfa að standa undir 30–40% af útlögðum kostnaði og það hafi gengið vel í fyrra, en þá var fyrsta hátíðin eftir bankahrunið haldin. „Við tókum þá ákvörðun í fyrra að stilla miðaverði í hof og sú ákvörðun féll í góðan jarðveg, miðarnir seldust hratt og örugglega. Miðaverð verður áfram hóflegt og sanngjarnt í ár og við munum halda okkur við það eins lengi og við getum.“

Lítill yfirbygging

Listahátíð þarf að snúða sér stakk eftir vexti og ein birtingarmynd þess getur verið sú að aðeins eru haldnir einir tónleikar með tilteknum listamanni eða mönnum þegar hugsanlega hefðu verið haldnir tvennir árið 2007. „Við höfum líka dregið úr ýmsum öðrum kostnaði, eins og hönnun og kynningu, auk þess sem starfshlutfall hefur verið minnkað á skrifstofunni,“ segir Hrefna en áréttar að ekki sé af miklu að taka í því tilliti enda hafi yfirbygging stofnunarinnar alltaf verið í lágmarki. „Hér hafa aldrei margir unnið. Á móti kemur að Listahátíð hefur verið mjög heppin með starfsfólki gegnum tíðina.“

Hrefna hóf störf hjá Listahátíð sem framkvæmdastjóri árið 2001 en tók við starfi listræns stjórnanda haustið 2008. „Ég tók við 1. október 2008 og nokkrum dögum síðar hrundi efnahagskerfi þjóðarinnar. Ég reyndi að taka því ekki persónulega,“ segir hún hlæjandi.

Hrefna segir það hafa verið sérkennilega tilfinningu að standa skyndilega uppi í nýju samfélagi. „Úrtöluraddirnar fóru fljótt að heyrast og við þurftum að telja í okkur kjark. Við ákváðum hins vegar að snúa bókum saman og hér hafa allir unnið sem einn maður.“

Ein af hugmyndunum sem kastað hefur verið fram er að fara aftur í gamla farið og halda Listahátíð annað hvert ár. „Á Listahátíð hefur safnast saman mikil þekking og kunnátta og það væri synd að nýta hana ekki á hverju ári. Auk þess sem þyngstu rökin núna liggja kannski í þeirri fjárhagslegu staðreynd að það er hagkvæmara að halda árlega hátíð en hátíð annað hvert ár, sem var nú ein af ástæðum þess að farið var út í árlega hátíð á sínum tíma. Það liggja mikil verðmæti í samfelldunni,“ segir Hrefna.

Væri nær að fjölga verkefnum

Hún bendir á, að starfsmönnum Listahátíðar hafi ekki fjölgað þegar farið var að halda hátíðina árlega um miðjan fyrsta áratuginn. Lítil hagræðing fengist því fram með þeim hætti. „Að mínu viti er það betri nýting á fjármagni að halda hátíðina á hverju ári, fyrir utan hvað það er miklu betri þjónusta við alla.“

Hrefna leggur frekar til að Listahátíð taki að sér aukin verkefni, svo nýta megi innviðina ennþá betur til nýsköpunar og framkvæmda. „Tónleikahald á vegum einkaaðila er til að mynda lítið sem ekkert í dag. Það eykur skyldur og vægi Listahátíðar.“

Tónlistarhúsið Harpa verður tekið í notkun á næsta ári og Hrefna segir það aldeilis eiga eftir að verða vettvang fyrir Listahátíð í framtíðinni. „Við erum þegar

farin að bóka húsið fyrir hátíðirnar 2011 og 2012. Það er ekki eftir neinu að bíða.“

Dregið hefur úr utanlandsferðum Íslendinga og Hrefna segir fyrir vikið ennþá mikilvægara að bjóða upp á áhugaverða listviðburði hér heima. „Listahátíð hefur unnið markvisst að því að ná til landsbyggðarinnar og í því skyni erum við núna að ganga til samstarfs við Flugfélag Íslands um borgarferðir til Reykjavíkur á Listahátíð í vor. Með þessu teljum við okkur koma ennþá betur til móts við listunendur úti á landi. Þetta samstarf verður kynnt betur bráðlega.“

Undanfarin ár hefur Listahátíð teygst anga sína út á land og verður því framhaldið nú. Sýningar verða á Akureyri og Seyðisfirði, auk þess sem tónleikar verða einnig haldnir á landsbyggðinni, meðal annars stórtónleikar Benna Hemm Hemm, Alasdair Roberts og blásarasveitar Reykjavíkur á Akureyri í samstarfi við tónlistarhátíðina AIM.

Bjóða erlendum blaðamönnum


Eins og menn vita hefur Ísland oft fengið betri kynningu í úlöndum en undanfarna mánuði. Hrefna segir mikilvægt að grípa tækifærið og sýna heiminum hinar jákvæðu hliðar landsins, svo sem þær birtast fólki á Listahátíð. „Ekki veitir af að undirstrika að íslenska þjóðin er ekki af baki dottin,“ segir hún.

Í þessum tilgangi verður boðið hingað hópi erlendra blaðamanna í samstarfi við Höfuðborgarstofu, Ferðamálastofu, Útflutningsráð og utanríkisráðuneytið og dagskrá klæðskerasniðin utan um þarfir hvers og eins.

Fjörutíu fjórleg ár eru að baki og Hrefna Haraldsdóttir er ekki í vafa um að Listahátíð í Reykjavík eigi bjarta framtíð fyrir höndum. „Ég er sannfærð um að hátíðin, eins og þjóðin, á eftir að standa þessa efnahagsdýfu af sér. Þá tilfinningu byggir ég á því að íslenskt listalíf er ótrúlega öflugt. Það er mikil gróska í öllum greinum og það er einmitt farvegurinn sem er forsenda þess að hátíðin dafni. Það styrkir mig svo enn frekar í trúnni að Íslendingar líta upp til hópa á menningu og listir sem sjálfsagðan hluta af sínu daglega lífi. Aðsókn og eftirspurn eftir listviðburðum staðfesta það. Það er kannski klisja að tala um gildi menningar og lista í kreppu en það er eigi að síður staðreynd, enda verður það ekki af þjóðinni tekið hversu framárlega við stöndum á því sviði. Það er gríðarlega mikilvægt hvoru tveggja fyrir sjálfsmynd þjóðarinnar, nú þegar sótt er að okkur úr öllum áttum og ímynd okkar gagnvart erlendum þjóðum, sem hefur mátt muna sinn fífil fegurri. Án menningar og lista væri líf okkar mun snauðara.“



„Íslendingar líta upp til hópa á menningu og listir sem sjálfsagðan hluta af sínu daglega lífi,“ segir



David Byrne og Cindy Sherman koma bæði á Listahátíð í Reykjavík í vor.



Hrefna Haraldsdóttir listrænn stjórnandi Listahátíðar.

Á Listahátíð hefur safnast saman mikil þekking og kunnátta og það væri synd að nýta hana ekki á hverju ári. Auk þess sem þyngstu rökin núna liggja kannski í þeirri fjárhagslegu staðreynd að það er hagkvæmara að halda árlega hátíð en hátíð annað hvert ár, sem var nú ein af ástæðum þess að farið var út í árlega hátíð á sínum tíma. Það liggja mikil verðmæti í samfellunni.“